SUNNUDAGUR 6. FEBRÚAR, 2006

Allar myndirnar eru sýndar í Norræna húsinu. Ókeypis aðgangur.

18:00 Opnun
18:05 **The Importance of Being Icelandic**
Leikstjóri Jón E. Gústafsson, enskt tal, 1998, 39 mín.
Tinna Grétarsdóttir kynnir myndina og svarar spurningum að henni lokinni.

Flokkur: Vestur-Íslendingar

Í þessari mynd fylgist leikstjórinn Jón E. Gústafsson (fæddur á Íslandi en nú búsettur í Kanada) með ólíkum ferðum þriggja Vestur-Íslendinga til Íslands í leit að íslenskum uppruna sínum. Auk þess að gera tíma þeirra á Íslandi skil, fylgir hann þeim aftur til Kanada og fylgist með viðbrögðum þeirra við árlegum hátíðarhöldum á Íslendingadeginum í Gimli. Í miðpunkti myndarinnar eru mismunundi sjónarhorn á viðhorf leikstjórans til kanadískrar menningar annars vegar og hins vegar leit þriggja Vestur-Íslendinga að arfi forfeðra sinna.

Jón E. Gústafsson og *Marble Island Picture* fá þakkir fyrir myndina.

19:00 **The Snow Walker**
Leikstjóri Martin Smith, enskt tal, 2003, 103 mín.
Sherill E. Grace kynnir myndina og svarar spurningum að henni lokinni.

Flokkur: Enskumælandi Kanada

Charlie Lavery flugmaður brotlendir vél sinni fjarri mannabyggðum og bryst yfir túndruna óendanlegu í leit að mannabústöðum. Eftir verður ung eskimóakona – falleg og viðkvæm. Eftir skelfilega baráttu fyrir tilveru sinni hnígur Lavery að lokum örmagna niður. Á dularfullan hátt birtist unga konan á ný honum til bjargar og smátt og smátt kemur hann auga á dulúðleg tengsl hennar við landið. Byggt á skáldsögu Farley Moratt.

Infinity Media (Vancouver, B.C.) og *First Look* (Los Angeles, USA) fá þakkir fyrir myndina.

21:00 Léttar veitingar í boði sendiherra Kanada, Hr. Richard Têtu.

Frekari upplýsingar á: www.crilcq.org/festival2006

MÁNUDAGUR 27. FEBRÚAR 2006

Allar sýningar fara fram í Norræna húsinu. Ókeypis aðgangur.

16:00 **Broken Promises. The High Arctic Relocation.**
Leikstjóri Patricia V. Tassinari, enskt tal, 1995, 52 mín.

Flokkur: Inúítar og Québec

Sumarið 1953 flutti kanadíska ríkisstjórnin sjö Inúítafjölskyldur frá N-Québec norður áheimskautasvæðin. Þær fengu loforð um gnótt af fiski og veiðibráð – betra líf. Stjórnvöld fullvissuðu Inúítana um að ef áformin gengju ekki upp, gætu þeir snúið aftur eftir tvö ár. Tveimur árum síðar bættust 35 Inúítíar við og það liðu 30 ár þangað til nokkurt þeirra sá land forfeðra sinna á ný.

Nuttaq Média (Montréal, Québec) fá þakkir fyrir mynina.

17:00 **Atanjaruat. The Fast Runner.**
Leikstjóri Zacharias Kunuk, Inuktitut m/íslenskum texta, 2000, 172 mín.

Flokkur: Inúítar

Illur, óþekktur seiðkarl sundrar litlu flökkusamfélagi Inúíta og kemur rót á jafnvægi fjölskyldna og samhug. Tuttugu árum síðar birtast tveir bræður, Amaqjuag – sá sterki og Atanjurat – hraðskreiði hlauparinn, til að takast á við hið illa. Atanjurat vinnur hönd hinnar fallegu Atuat frá Oki, hofmóðugum syni höfðingjans, sem sver að hefna sín. Oki ræðst á bræðurna þar sem þeir sofa og myrðir Amaqjuag. Á ótrúlegan hátt sleppur Atanjurat nakinn á flótta yfir frosið vorhafið. En getur hann flúið hringrás hefndarinnar sem hann skildi við? Myndin hlaut verðlaunin Prix de la Caméra d´Or, sem veitt eru leikstjórum fyrir frumraun sína, á kvikmyndahátíðinni í Cannes árið 2001.

Isuma Productions (Iglooik, Nunavut) og *Bergvík ehf.* (Reykjavík) fá þakkir fyrir myndina.

Frekari upplýsingar á: www.crilcq.org/festival2006

ÞRIÐJUDAGUR 28. FEBRÚAR 2006

Allar sýningar fara fram í Norræna húsinu. Ókeypis aðgangur.

16:00 **Mon oncle Antoine** (My Uncle Antoine)
Leikstjóri Claude Jutras, franskt tal m/enskum texta, 1971, 110 mín.

Flokkur: Québec

Myndin er almennt álitin meistaraverk kvikmyndagerðar í Québec og hefur hlotið ótal alþjóðleg verðlaun. Myndin gerist á jóladag – eina daginn sem vinna í námunni í litlum bæ í Québec liggur niðri og verslunin iðar af mannlífi. Þorpsbúar geta gleymt fátækt sinni í nokkrar klukkustundir og þeir safnast saman í versluninni, sýna sig og sjá aðra og gleðjast saman. Þetta kvöld ber í skauti sér óvænta vígslu inn í harðari og ruddalegri hliðar lífsins fyrir Jaques og kynni af harmleik og dauða.

National Film Board of Canada (Montréal, Québec) fá þakkir fyrir myndina.

18:00 **Tales from the Gimli Hospital**
Leikstjóri Guy Maddin, enskt tal, 1988, 68 mín.
Tinna Grétarsdóttir fylgir myndinni úr hlaði.

Flokkur: Vestur-Íslendingar

Á meðan móðir þeirra liggur banaleguna á nýtísku sjúkrahúsi í Gimli í Manitoba, hlýða tvö ung börn hennar á sögur íslenskrar ömmu sinnar um hinn einmana Einar og vin hans Gunnar sem bjuggu í Gimli sem ekki er lengur til. Bólusótt geisar í smáþorpinu Gimli og Einar og Gunnar deila því sem virðist vera eina herbergi sjúkrahússins. Þeir keppa um athygli hjúkrunarkvennanna með sögum sem verða æ furðulegri og flóknari eftir því sem samkeppnin á milli þeir vex stig af stigi.

Guy Maddin og *Extra Largin Film Group* (Winnipeg, Manitoba) fá þakkir fyrir myndina.

Frekari upplýsingar á: www.crilcq.org/festival2006

MIÐVIKUDAGUR 1. MARS 2006

Allar sýningar fara fram í Norræna húsinu. Ókeypis aðgangur.

16:00 **La grande séduction** (Seducing Doctor Lewis)
Jean-François Pouliot, franskt tal m/enskum texta, 2003, 108 mín.

Flokkur: Québec.

St. Marie-La-Mauderne er lítið og mjög afskekkt fiskiþorp. Í átta ár hafa íbúar þess, íklæddir bættum peysum og depurð, vikulega staðið í röð og beðið eftir atvinnuleysisbótum. Hugurinn hvarflar til hinna gömlu góðu daga þegar aflinn var nægur, sjómennirnir stoltir og lífið virtist töfrum líkast. Dag einn bankar sáluhjálpin á dyrnar í líki lítils fyrirtækis sem vill reisa verksmiðju á eyjunni, þó með því skilyrði að þar búi læknir í fullu starfi. Sá möguleiki virðist fjarri þar til ungur læknir í Montréal lendir í óheppilegu atviki með umferðarlögreglu og er allt í einu staddur á bát á leið til þorpsins. En hvernig er hægt að sannfæra hinn unga og myndarlega Lewis lækni um að dvelja á þessum eyðilega útkjálka?

*Max Films (*Montréal, Québec) og *Oy Future Film Ab* (Reykjavík) fá þakkir fyrir myndina.

18:00 **Mémoires affectives** (Looking for Alexander)
Leikstjóri Francis Leclerc, franskt tal m/enskum texta, 2004, 100 mín.



Flokkur: Québec.

Alexandre Tourneur, 41 árs, hefur legið lengi í dái eftir slys og verið úrskurðaður látinn þegar hann vaknar úr dáinu. Slysið hefur alvarlegt minnisleysi í för með sér. Á leið sinni til bata hittir hann vini og fjölskyldu og ákveðnar minningar sækja á hann. Undir hinum gleymdu minningum hans liggja endurminningar sem bera vott um fjarlægа og ofbeldisfulla fortíð. Leiðangur Alxeandre í leit að minni sínu leiðir hann til staðar sem hann hafði svarið að snúa aldrei aftur til. Hann uppgötvar loks sannleikann með því að sækja uppruna dularfullra minninga sinna heim.

Francis Leclerc og *Les Films Séville* (Montréal, Québec) fá þakkir fyrir myndina.

Frekari upplýsingar á: www.crilcq.org/festival2006

SUNNUDAGUR 6. FEBRÚAR, 2006

Allar myndirnar eru sýndar í Norræna húsinu. Ókeypis aðgangur.

18:00 Opnun
18:05 **The Importance of Being Icelandic**
Leikstjóri Jón E. Gústafsson, enskt tal, 1998, 39 mín.
Tinna Grétarsdóttir kynnir myndina og svarar spurningum að henni lokinni.

Flokkur: Vestur-Íslendingar

Í þessari mynd fylgist leikstjórinn Jón E. Gústafsson (fæddur á Íslandi en nú búsettur í Kanada) með ólíkum ferðum þriggja Vestur-Íslendinga til Íslands í leit að íslenskum uppruna sínum. Auk þess að gera tíma þeirra á Íslandi skil, fylgir hann þeim aftur til Kanada og fylgist með viðbrögðum þeirra við árlegum hátíðarhöldum á Íslendingadeginum í Gimli. Í miðpunkti myndarinnar eru mismunundi sjónarhorn á viðhorf leikstjórans til kanadískrar menningar annars vegar og hins vegar leit þriggja Vestur-Íslendinga að arfi forfeðra sinna.

Jón E. Gústafsson og *Marble Island Picture* fá þakkir fyrir myndina.

19:00 **The Snow Walker**
Leikstjóri Martin Smith, enskt tal, 2003, 103 mín.
Sherill E. Grace kynnir myndina og svarar spurningum að henni lokinni.

Flokkur: Enskumælandi Kanada

Charlie Lavery flugmaður brotlendir vél sinni fjarri mannabyggðum og bryst yfir túndruna óendanlegu í leit að mannabústöðum. Eftir verður ung eskimóakona – falleg og viðkvæm. Eftir skelfilega baráttu fyrir tilveru sinni hnígur Lavery að lokum örmagna niður. Á dularfullan hátt birtist unga konan á ný honum til bjargar og smátt og smátt kemur hann auga á dulúðleg tengsl hennar við landið. Byggt á skáldsögu Farley Moratt.

Infinity Media (Vancouver, B.C.) og *First Look* (Los Angeles, USA) fá þakkir fyrir myndina.

21:00 Léttar veitingar í boði sendiherra Kanada, Hr. Richard Têtu.

Frekari upplýsingar á: www.crilcq.org/festival2006

MÁNUDAGUR 27. FEBRÚAR 2006

Allar sýningar fara fram í Norræna húsinu. Ókeypis aðgangur.

16:00 **Broken Promises. The High Arctic Relocation.**
Leikstjóri Patricia V. Tassinari, enskt tal, 1995, 52 mín.

Flokkur: Inúítar og Québec

Sumarið 1953 flutti kanadíska ríkisstjórnin sjö Inúítafjölskyldur frá N-Québec norður áheimskautasvæðin. Þær fengu loforð um gnótt af fiski og veiðibráð – betra líf. Stjórnvöld fullvissuðu Inúítana um að ef áformin gengju ekki upp, gætu þeir snúið aftur eftir tvö ár. Tveimur árum síðar bættust 35 Inúítíar við og það liðu 30 ár þangað til nokkurt þeirra sá land forfeðra sinna á ný.

Nuttaq Média (Montréal, Québec) fá þakkir fyrir mynina.

17:00 **Atanjaruat. The Fast Runner.**
Leikstjóri Zacharias Kunuk, Inuktitut m/íslenskum texta, 2000, 172 mín.

Flokkur: Inúítar

Illur, óþekktur seiðkarl sundrar litlu flökkusamfélagi Inúíta og kemur rót á jafnvægi fjölskyldna og samhug. Tuttugu árum síðar birtast tveir bræður, Amaqjuag – sá sterki og Atanjurat – hraðskreiði hlauparinn, til að takast á við hið illa. Atanjurat vinnur hönd hinnar fallegu Atuat frá Oki, hofmóðugum syni höfðingjans, sem sver að hefna sín. Oki ræðst á bræðurna þar sem þeir sofa og myrðir Amaqjuag. Á ótrúlegan hátt sleppur Atanjurat nakinn á flótta yfir frosið vorhafið. En getur hann flúið hringrás hefndarinnar sem hann skildi við? Myndin hlaut verðlaunin Prix de la Caméra d´Or, sem veitt eru leikstjórum fyrir frumraun sína, á kvikmyndahátíðinni í Cannes árið 2001.

Isuma Productions (Iglooik, Nunavut) og *Bergvík ehf.* (Reykjavík) fá þakkir fyrir myndina.

Frekari upplýsingar á: www.crilcq.org/festival2006

ÞRIÐJUDAGUR 28. FEBRÚAR 2006

Allar sýningar fara fram í Norræna húsinu. Ókeypis aðgangur.

16:00 **Mon oncle Antoine** (My Uncle Antoine)
Leikstjóri Claude Jutras, franskt tal m/enskum texta, 1971, 110 mín.

Flokkur: Québec

Myndin er almennt álitin meistaraverk kvikmyndagerðar í Québec og hefur hlotið ótal alþjóðleg verðlaun. Myndin gerist á jóladag – eina daginn sem vinna í námunni í litlum bæ í Québec liggur niðri og verslunin iðar af mannlífi. Þorpsbúar geta gleymt fátækt sinni í nokkrar klukkustundir og þeir safnast saman í versluninni, sýna sig og sjá aðra og gleðjast saman. Þetta kvöld ber í skauti sér óvænta vígslu inn í harðari og ruddalegri hliðar lífsins fyrir Jaques og kynni af harmleik og dauða.

National Film Board of Canada (Montréal, Québec) fá þakkir fyrir myndina.

18:00 **Tales from the Gimli Hospital**
Leikstjóri Guy Maddin, enskt tal, 1988, 68 mín.
Tinna Grétarsdóttir fylgir myndinni úr hlaði.

Flokkur: Vestur-Íslendingar

Á meðan móðir þeirra liggur banaleguna á nýtísku sjúkrahúsi í Gimli í Manitoba, hlýða tvö ung börn hennar á sögur íslenskrar ömmu sinnar um hinn einmana Einar og vin hans Gunnar sem bjuggu í Gimli sem ekki er lengur til. Bólusótt geisar í smáþorpinu Gimli og Einar og Gunnar deila því sem virðist vera eina herbergi sjúkrahússins. Þeir keppa um athygli hjúkrunarkvennanna með sögum sem verða æ furðulegri og flóknari eftir því sem samkeppnin á milli þeir vex stig af stigi.

Guy Maddin og *Extra Largin Film Group* (Winnipeg, Manitoba) fá þakkir fyrir myndina.

Frekari upplýsingar á: www.crilcq.org/festival2006

MIÐVIKUDAGUR 1. MARS 2006

Allar sýningar fara fram í Norræna húsinu. Ókeypis aðgangur.

16:00 **La grande séduction** (Seducing Doctor Lewis)
Jean-François Pouliot, franskt tal m/enskum texta, 2003, 108 mín.

Flokkur: Québec.

St. Marie-La-Mauderne er lítið og mjög afskekkt fiskiþorp. Í átta ár hafa íbúar þess, íklæddir bættum peysum og depurð, vikulega staðið í röð og beðið eftir atvinnuleysisbótum. Hugurinn hvarflar til hinna gömlu góðu daga þegar aflinn var nægur, sjómennirnir stoltir og lífið virtist töfrum líkast. Dag einn bankar sáluhjálpin á dyrnar í líki lítils fyrirtækis sem vill reisa verksmiðju á eyjunni, þó með því skilyrði að þar búi læknir í fullu starfi. Sá möguleiki virðist fjarri þar til ungur læknir í Montréal lendir í óheppilegu atviki með umferðarlögreglu og er allt í einu staddur á bát á leið til þorpsins. En hvernig er hægt að sannfæra hinn unga og myndarlega Lewis lækni um að dvelja á þessum eyðilega útkjálka?

*Max Films (*Montréal, Québec) og *Oy Future Film Ab* (Reykjavík) fá þakkir fyrir myndina.

18:00 **Mémoires affectives** (Looking for Alexander)
Leikstjóri Francis Leclerc, franskt tal m/enskum texta, 2004, 100 mín.

Flokkur: Québec.

Alexandre Tourneur, 41 árs, hefur legið lengi í dái eftir slys og verið úrskurðaður látinn þegar hann vaknar úr dáinu. Slysið hefur alvarlegt minnisleysi í för með sér. Á leið sinni til bata hittir hann vini og fjölskyldu og ákveðnar minningar sækja á hann. Undir hinum gleymdu minningum hans liggja endurminningar sem bera vott um fjarlægа og ofbeldisfulla fortíð. Leiðangur Alxeandre í leit að minni sínu leiðir hann til staðar sem hann hafði svarið að snúa aldrei aftur til. Hann uppgötvar loks sannleikann með því að sækja uppruna dularfullra minninga sinna heim.

Francis Leclerc og *Les Films Séville* (Montréal, Québec) fá þakkir fyrir myndina.

Frekari upplýsingar á: www.crilcq.org/festival2006